

**Íbúaráð Grafarvogs 4. september 2023: Fyrirspurn íbúaráðs Grafarvogs um kjörsókn í Hverfið mitt MSS23090042**

Íbúaráð Grafarvogs telur "Hverfið mitt" mikilvægt til að virkja áhuga íbúa til lýðræðislegrar þátttöku. Íbúaráð mun beita sér fyrir góðri kynningu svo þátttakan verði sem mest. Svo íbúaráð geti metið árangur sinn í kynningum á kosningunni þá óska íbúaráðið eftir því að fá frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofunni eftirfarandi tölfræði: Hlutfallslega þátttöku allra Reykvíkinga undanfarin ár? Hlutfallslega þátttöku íbúa Grafarvogs undanfarin ár? Hlutfall íbúa annarra hverfa sem kusu um verkefni í Grafarvogi undanfarin ár? Hlutfall íbúa Grafarvogs sem kusu í öðrum hverfum undanfarin ár?